

Kæra bæjarráð:

Við í Styrktarnefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10.október viljum óska eftir fjárstyrk frá Hafnarfjarðarbæ til styrktar hátíðarhöldum af tilefni Alþjóða geðheilbrigðisdagsins sem haldinn verður samkvæmt venju þann 10.október 2017.

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er haldinn hátíðlegur 10.október ár hvert. Hann hefst iðulega með skrúðgöngu en síðan hittist fólk gjarna í samsæti. Í ár munum við koma saman í tjarnarbíói og halda upp á daginn með glensi og gamni. Við munum fá aðkeypt tónlistaratriði, ræður lærðra manna t.a.m. kom forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson til okkar 10.október 2016 og vona ég að hann liti til okkar einnig í ár. Á síðustu hátíð sem haldin var í Bíó Paradís fengum við tónlistaratriði MC gauta, Stuttmynd Guðmundar Jónasar Haraldssonar „Unun.“ Við glöddum að lokum bragðlaukana og fengum okkur kaffi og lítilsháttar munngát.

Styrktarnefndin vill óska eftir styrk að upphæð 500 þúsund en erum þakklát fyrir hvern þann styrk sem bæjarstjórn ákveður ef hún vill styrkja okkur.

Með fyrirfram þakklæti og ósk um góðar undirtektir,

Tryggvi Garðarsson formaður Styrktarnefndar Alþjóða geðheilbrigðisdagsins.